



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

AUKINN ÁHUGI BRETA Á NORÐURSLÓÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í dag, þriðjudaginn 29. október, setningarræðu á ráðstefnu í London um Norðurslóðir, heimskautasvæðin, rannsóknir, loftslagsbreytingar og nýtingu auðlinda.

Ráðstefnan er haldin undir heitinu Poles Apart á vegum RUSI, Royal United Services Institute, www.rusi.org. Ýmsir fremstu vísindamenn Breta eru meðal þátttakenda sem og forystumenn í stjórnámálum, atvinnulífi og stjórnsýslu. Ráðstefnan er mikilvægur vettvangur nýrrar umræðu í Bretlandi um Norðurslóðir enda endurspeglar dagskrá hennar fjölmarga efnisþætti sem undanfarið hafa vakið vaxandi athygli þar.

Auk forseta Íslands taka ýmsir áhrifamenn frá öðrum ríkjum á Norðurslóðum þátt í ráðstefnunni. Forseti hennar er James Gray, þingmaður Íhaldsflokksins.

29. október 2013

Sjá nánar um dagskrá ráðstefnunnar:
<http://polesapartconference.org.uk/index.php/conference-programme>

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).